

---

**Fundargerð 79. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**  
**Dagsetning: mánudagur 24. september 2018 kl. 16:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.**

Viðstaddir:

Aðalmenn samkvæmt tilnefningu Grundarfjarðar, Snæfellsbæjar og Stykkishólms: Björg Ágústsdóttir og Hilmar Már Arason.

Aðalmenn án tilnefningar: Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Örvar Marteinsson og Helga Guðmundsdóttir.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Ragnheiður Ingólfssdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Skólameistari setti fund og bauð fundarmenn hjartanlega velkomna á fund eftir langt hlé en síðasti fundur nefndarinnar var 5. desember 2016. Skólameistari gaf nefndinni orðið og var samþykkt samhljóða að skipa Björgu Ágústsdóttur formann skólanefndar á ný. Formaður þakkaði traustið og tók við stjórn fundarins. Formaður bauð nýja nefndarmenn sérstaklega velkomna.

Dagskrá:

## 1. Fjármál FSN.

Skólameistara gefið orðið.

- a. Nemendafjöldi 2018: Á haustönn 2018 eru 177 nemendur í námi við skólann. Ársnemendafjöldi samkvæmt fjárlögum á árinu 2019 er 144.
- b. Niðurstaða ársreiknings árið 2017 er 25 m.kr. í hagnað. Eignakaup og endurnýjun búnaðar hefur verið af skorum skammti frá stofnun skólans og hefur örlítið verið bætt úr því. Það er búið að innrétta nýjan fjölnota sal við skólann í stað ípróttu sals sem var einungis nýttur í fimm tíma á viku. Fjölnota salinn má t.d. nýta til kvikmyndasýninga, próftöku og umræðna auk þess að kenna í honum jóga og leiklist. Vinnuaðstaða kennara hefur verið bætt til dæmis með fjölgun lesbása og hækkanlegu borði á kennarastofu. Starfsmönnum býðst nú tækifæri til þess að endurnýja orkuna í sérstöku núvitundarherbergi á vinnutíma.



## c. Fjárlög - frumvarp 2019:

Árs-nemendur. Fjárlög 2018	Nemendur í fullu námi. Frumvarp 2019	Frumvarp 2019 m. kr.	Rekstrar- tekjur 2019 m. kr.	Fram- lag úr ríkis- sjóði 2019	Þús. kr. á nemanda í fullu námi	Fjárlög 2018 m. kr.	Rekstrar- tekjur 2018 m.kr.	Hækkun milli ára m. kr.	% hækku n milli ára
147	144	313,8	-13,0	300,8	2.179,20	283	-17,2	17,8	6,3

## 2. Stefna skólans – þriggja ára plan.

Vinna við endurskoðun á stefnu skólans fer að hefjast. Hér má sjá slóð á núgildandi stefnu FSN 2018-2020.


Fundarmenn eru sammála um mikilvægi þess að halda sérstöðu skólans á lofti og gleyma ekki hvað FSN stendur fyrir. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni með sérstaka áherslu á nám í dreifðum byggðum. Áherslur í námi og kennslu taka mið af því að efla ábyrgð nemenda í námi og faglegan styrk kennara í starfi. Það var alltaf ljóst að FSN yrði lítill framhaldsskóli og myndi glíma við ákveðnar áskoranir sökum þess. Skólabyggingin er hönnuð utan um hugmyndafræði kennsluhátta, þ.e. verkefnafræði nám. Skólinn mun áfram stefna að því að vera leiðandi í þróun nýrra kennsluhátta og nýtingu upplýsingatækni, með sérstakri áherslu á nám í dreifðum byggðum. Kappkostað er að starfsfólk sé hæft, sjálfs gagnrýnið, opið fyrir nýjungum og fái tækifæri til starfsþróunar. Fjarnám og kennsluhættir skólans eru samofnir.

Skólinn hefur fengið þrívíddarprentara að gjöf, upptökurými hefur orðið að veruleika og er notað af nokkrum kennurum.

Samstarf Fjarmentaskólanna gengur vel. FSN, FVA og MB hafa einnig unnið örlítið saman. Kennarar við FSN eru mjög tölvufærir og duglegir að tileinka sér tækninýjungar. Það má láta samfélagið okkar betur vita hversu öflugir og opnir kennarar og nemendur skólans eru fyrir tækninýjungum. Skólinn og við sem stöndum að skólanum megum ekki sofna á verðinum og verðum að halda sérstöðu skólans á lofti. Það má heldur ekki gleyma því hversu flotta nemendur við höfum útskrifað.

Svæðið virðist vera í mikilli vörn og við í FSN þurfum að búa okkar nemendur undir fjórðu iðnbýltinguna og stafræna framtíð. Það er okkar hlutverk að halda stjórnvöldum og okkar þingmönnum upplýstum.

Kynningar á skólanum hafa verið á höndum námsráðgjafa sem fer í grunnskólana og kynnir skólann. Skólanefnd vill ítreka mikilvægi þess að gamall eða nýr nemandi frá hverju bæjarfélagi fyrir sig kynni skólann. Það kom upp sú hugmynd að færa kynninguna niður í 9. bekk. Við þurfum að selja skólann betur,



bæði fyrir nemendum og íbúum. Það þarf að styrkja foreldra í að standa með FSN og fræða þá. Upp komu hugmyndir um að hendast í myndbandagerð og kynna skólann og starfið betur. Framhaldsskólahermir hefur verið síðustu tvo vetur og verið mjög vel lukkað. Þeir nemendur sem hafa ekki valið okkur hafa verið að leita í nám sem við höfum ekki getað boðið upp á. Nemendur hafa svolítið verið að leita í iðnám.

Nemendur við framhaldsdeildina á Patreksfirði eru 24 á haustönn 2018..

### 3. Nemendafélag Fjölbrautaskóla Snæfellinga, NFSN.

Forseti NFSN, Ragnheiður Ingólfssdóttir skýrði frá helstu viðburðum á haustönn 2018. Nýnemadagur tókst mjög vel og lauk með nýnemaballi um kvöldið. Nemendafélagið vannur nú hörðum höndum að skipulagningu West Side. West Side er samstarfsverkefni nemendafélaganna í FVA, MB og FSN. Á síðustu önn hélt NFSN í fyrsta sinn böll fyrir grunnskólanemendur á Snæfellsnesi í samstarfi við félagsmiðstöðvarnar. Þetta mæltist mjög vel fyrir og er stefnan að halda þessu áfram. Meðal viðburða sem nemendafélagið stendur fyrir er nýnemaball, West Side ball, árshátíð og lokaball. Stemning á böllum er mjög góð og mjög hátt hlutfall dagskólanemenda sækja viðburði á vegum nemendafélagsins.

### 4. Önnur mál

- Nokkrum málum frestað til næsta fundar.
- Lagt til að hafa frekar fleiri en styttri fundi og funda aftur í skólanefnd sem fyrst. Næsti fundur er fyrirhugaður í lok október eða byrjun nóvember.
- Nefndarmenn óskuðu eftir umræðum um Erasmus verkefni á næsta fundi.
- Frekari umfjöllun um stefnu skólans verður tekin fyrir á næsta fundi.
- Hilmar Már Arason óskaði eftir því að skólarútan stoppi við íþróttamiðstöðina í Snæfellsbæ. Stjórnendur skólans munu fara í viðræður við akstursaðila.
- Nýnemaferð er fyrirhuguð frá FSN í framhaldsdeildina á Patreksfirði.
- Nýnemar úr Verzlunarskóla Íslands komu og í FSN. Alls komu 300 nemendur.

Fundið slitið klukkan 18:05.

Nefndarmenn skoðuðu nýjan fjölnotasal, Kviku og héldu til myndatöku.